



Með lúðrabyt og söng

Kammerkór Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 15. febrúar 2025, klukkan 16:00

Stjórnendur: Oliver Kentish og Friðrik Vignir Stefánsson

Einleikari á básúnu: Rolf Gaedeke

Einsöngvarar: Ólafur Freyr Birkisson, Ólöf Ingólfssdóttir,
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir og Þorsteinn Freyr Sigurðsson

Efnisskrá:

Ernst Sachse (1813-1883): Konsert í B-dúr fyrir básúnu og hljómsveit

Allegro maestoso – Andante

Thema con variazioni, allegro moderato

Johann David Heinichen (1683-1729): Missa Nr. 9 í D-dúr

Kyrie I og II

Gloria - Domine Deus - Qui tollis - Quoniam

Concertino, allegro (Einleikari Krístrún Björnsdóttir)

Credo, vivace - Crucifixus - Et resurrexit

Sanctus - Pleni sunt coeli

Benedictus - Osanna

Agnus Dei I, II og III

Ernst Sachse (1813-1870) var trompetleikari í hirðhljómsveitinni í Weimar og hafði þar titilinn Oberstabstrompeter. Hann kemur víða við sögu tónlistarinnar á ævi sinni, átti gott samstarf við Franz Liszt og lék á básúnu þegar ópera Wagners, Lohengrin var frumflutt 1855. Eftir hann liggja nokkur tónverk og er básúnukonsertinn í B-dúr sem hér verður fluttur líklega þekktast þeirra.



Einleikarinn, **Rolf Gaedeke**, stundaði tónlistarnám í heimaborg sinni, Hannover í Þýskalandi. Hann hefur leikið með fjölmörgum hljómsveitum þar í landi, s.s. í Dresden, Bayreuth, Hannover, Hildesheim og Göttingen. Eftir að hann fluttist til Íslands hefur hann leikið með ýmsum hljómsveitum og hópum, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stórsveit Reykjavíkur og Lúðrasveitinni Svan. Hann hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna síðastliðin tvö ár.



Johann David Heinichen (1683-1729) fæddist í þýska bænum Weissenfels nálægt Leipzig og ólst upp í tónlistarfjölskyldu, fetaði í fótspor föður síns og gekk í Tómasarskólann í Leipzig, skólann þar sem Jóhann Sebastian Bach var kennari nokkrum árum síðar. Hann gerðist síðan lögfræðingur en gafst fljótlega upp á því og helgaði sig tónlistinni. Hann var ótrúlega afkastamikill á því sviði. Þrátt fyrir tiltölulega stutta ævi samdi hann átta óperur, 12 messur, tvær sálumessur, 24 konserta, 63 kantötur og fjölda annarra verka. Virtastur var hann samt líklega fyrir fræðistörf sín. Hann skrifaði bók um tón- og hljómfraði þar sem fjallað var ítarlega um tölusetta bassann, eitt af einkennisfyrirbrigðum barokktónlistarinnar. Sumir

fræðimenn nefna hann einnig sem helsta uppfinningamann fimmundahringsins, sem er grundvallarhugtak í fræðunum. Sagt er að þau hugmyndatengsl hafi orðið til í

sembaltímum hjá Kuhnau. Eftir lát Heinrichens féllu verk hans að mestu í gleymsku þangað til langt var liðið á tuttugustu öldina.

Við vitum ekki til þess að verk eftir þá Sachse og Heinichen hafi áður verið flutt á Íslandi.



Friðrik Vignir Stefánsson
Friðrik Vignir Stefánsson organisti og tónlistarstjóri

Seltjarnarneskirkju er fæddur og uppalinn á Akranesi. Hann lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum á Akranesi og kantors- og einleikarprófi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Kennarar hans á orgel voru Haukur Guðlaugsson, Fríða Lárusdóttir og Hörður Áskelsson. Veturinn 2005-2006 var Friðrik Vignir við orgelnám í Konunglega danska tónlistarháskólanum, þar sem kennari hans var Lasse Ewerlöf. Auk þessa sótti hann kórstjórnartíma í dönsku kirkju-tónlistardeildinni. Á árunum 1988-2005 var hann organisti og kórstjóri við Grundarfjarðarkirkju, sem og skólastjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Friðrik Vignir var fyrsti organisti Hjallasóknar í Kópavogi, en frá hausti 2007 hefur hann starfað sem organisti við Seltjarnarneskirkju og stjórnandi Kammerkórs Seltjarnarneskirkju.



Ólafur Freyr Birkisson bass-barítón nemur söng við Listaháskóla Íslands hjá Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristni Sigmundssyni og Dísellu Lárusdóttur. Hann hefur einnig sótt tíma á vegum LHÍ hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Stuart

Skelton. Áður nam hann við Söngskólann í Reykjavík hjá Agli Árna Pálssyni og Hrönn Þráinsdóttur. Ólafur hefur komið víða fram. Helst má nefna óperuhlutverkin: Dante í Ekkert er sorglegra en manneskjan eftir Friðrik Margrétar-Guðmundsson og Adolf Smára Unnarsson, Vigfús í Mærþöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Gísli í Raven's Kiss eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson. Ólafur hefur einnig komið fram sem einsöngvari með Kór Langholtskirkju, þ.á.m. í Requiem eftir Fauré og í Jóhannesarpassíu J.S. Bach undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Þá hefur Ólafur komið fram sem einsöngvari á tónleikum t.a.m. hjá Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Kammerkór Seltjarnarneskirkju, Háskólakórnum og Ungfóníunni. Þá var Ólafur flytjandi á tónlistarhátíðinni Seiglu 2022 og 2023. Vorið 2023 var Ólafur sigurvegari í keppninni Ungir einleikarar. 23. febrúar næstkomandi mun Ólafur halda tónleika í Norðurljósum ásamt píanistanum Ingunni Hildi Hauksdóttur. Tónleikarnir bera yfirskriftina Eyðibýli Sálarinnar og eru hluti af tónleikaröðinni Sígildir sunnudagar.



Ólöf Ingólfsdóttir, mezzósópran, lauk burtfararprófi frá Söngskóla Sigurðar Demetz í janúar 2021. Útskriftartónleikarnir höfðu yfirskriftina *Allir gráta*, enda tengdust öll verkin á efnisskránni tárur með einum eða öðrum hætti. Í maí 2022 hélt hún einsöngstónleikana *Mildin mjúka* í Breiðholtskirkju ásamt strengjakvartett og organista. Á dagskrá voru barokkverk tengd fæðingu, dauða og upprisun Krists, frá sjónarhóli Maríu Guðsmóður. Ólöf hefur sungið með Kammerkór Seltjarnarneskirkju undanfarin ár, en áður söng hún með kórnum Vox feminae og Ægisif.



Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir lauk burtfararprófi í söng frá söngskóla Sigurðar Demetz þar sem kennarar hennar voru Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir og Auður Gunnarsdóttir. Síðan þá hefur hún verið í söngtímum og sótt masterklassa m.a. hjá Laufeyju Helgu Geirsdóttur, Jóni Þorsteinssyni og Gerrits Schuil. Ragnhildur hefur sungið einsöng við ýmis tækifæri og haldið reglulega tónleika og m.a. flutt með hljómsveit lög sem móðir henar Adda Örnólfs gerði fræg. Ragnhildur syngur með Kammerkór- og útfararkór Seltjarnarneskirkju og kór Neskirkju.



Þorsteinn Freyr Sigurðsson lauk mastersnámi í söng árið 2013 við Hanns Eisler í Berlín undir handleiðslu Prof. Scot Weir og eftir útskrift með Prof. Janet

Williams, Jóni Þorsteinssyni og Hlín Pétursdóttur Behrens. Árið 2014 hóf Þorsteinn störf við Óperuhúsið Theater Ulm í Suður-Þýskalandi til ársins 2017 þar sem Þorsteinn söng fjölmörg aðalhlutverk. Þorsteinn hefur einnig víðtæka reynslu af ljóðasöng og óratoríu. Síðan Þorsteinn flutti aftur til Íslands í byrjun árs 2017 hefur hann tekið þátt í ýmsum verkefnum. Þar má helst telja Spoletta í uppfærslu íslensku óperunnar af Tosca eftir Puccini, ljóðaflokkinn Serenade no. 31 fyrir tenór og horn og svaninn í Carmina Burana með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg vorið 2023. Þorsteinn annaðist kórstjórn á tónleikum frostrósa í Eldborg og Hofi árin 2023 og 2024 og hefur stjórnað drengjakór Reykjavíkur og barnakór Seltjarnarneskirkju síðan 2019. Þorsteinn er virkur meðlimur í ýmsum sönghópum þ.m.t. Schola Cantorum, Voces Mascolorum, Kyrja og fleirum.



Kammerkór Seltjarnarneskirkju var stofnaður árið 1994 af þáverandi organista kirkjunnar, Vieru Manásek. Kórinn syngur reglulega við kirkjulegar athafnir en auk þess heldur hann tónleika að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Meðal verka sem kórinn hefur flutt á undanförunum árum má nefna Missa Brevis eftir Jakob de Haan, Beatus vir eftir Monteverdi, Magnificat og Beatus vir eftir Vivaldi, kantötur eftir Bach, Magnificat op. 69 eftir Mendelssohn, Missa Pastoralis eftir Brixit, Salve Regina og Ave Maria eftir Egil Gunnarsson. Einsöngvarar í þessum verkum koma yfirleitt úr röðum kórfélaga enda eiga margir þeirra að baki margra ára nám í söng.

Að þessu sinni syngja eftirfarandi félagar:

Sópran:

Arnfríður Arnardóttir
Ágústa Ingibjörg Arnardóttir
Birna Ragnarsdóttir
Guðrún Lóa Jónsdóttir
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir
Salka Rún Sigurðardóttir

Alt:

Eygló Rúnarsdóttir
Halldóra Eyjólfsdóttir
Ólöf Ingólfssdóttir
Ólöf Guðrún Sigurðardóttir
Sigþrúður Erla Arnardóttir

Tenór:

Ólafur Guðmundsson
Snorri Valsson
Svanur Valgeirsson
Þorsteinn Freyr Sigurðsson

Bassi:

Gautur Gunnlaugsson
Ingólfur Helgason
Ólafur Freyr Birkisson
Þórir Már Einarsson

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en miklu fleiri hafa leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Starfið er ólaunað. Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Verk hafa verið samin fyrir hana, stundum að hennar frumkvæði. Fjöldi þekktra, íslenskra

einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra. Sveitin heldur 5-7 tónleika á ári, en auk þess kemur hljómsveitin fram við ýmis tækifæri. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hin síðari ár er Oliver Kentish. Hljómsveitin hefur oft áður átt samvinnu við Kammerkór Seltjarnarneskirkju enda eru báðir hóparnir til heimilis í Seltjarnarneskirkju og hæg heimatökin.

Að þessu sinni leika eftirfarandi félagar:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir.

1.fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Sólrún S. Kjartansdóttir
Vera Steinsen
Vala Tryggvadóttir
Lucía Rodriguez
Martin Frewer
Jelena Kuzminova
Jónína Þ. Thorarensen
Irina Ovchinnikova

2.fiðla

Drífa Örvarsdóttir
Ágústa Jónsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Runólfur Jóhannsson
Helga Andrésdóttir
Kate Nicholas
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Manuel Pedro Santos

Víóla

Sigita Siciuniene
Elín Björk Jónasdóttir
Ásdís Runólfsdóttir
Páll Ingvarsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Yana Prykodko
Árni Inaba Kjartansson
Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Dean Ferrell
Kjartan Guðnason
Olivia DeAngelis

Flauta

Krístur Helga Björnsdóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Íris Orradóttir
Hanna Sóley Guðmundsdóttir

Fagott

Kaho Terazono

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Jón Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Torfi Gunnarsson
Kjartan Ólafsson

Orgel

Pétur Nói Stefánsson

Pákur

Breki Freysson

Aðgangseyrir er kr. 4500, afsláttarverð kr. 3500 fyrir nemendur og eldri borgara greiðist við innganginn eða inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469





Frá æfingum á Heinichen-messunni og básúnukonsert Sachses



